



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Uggi Ævarsson
Minjavörður
uggi@minjastofnun.is

Landsnet

Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Þriðjudagur, 3. nóvember 2020
MÍ202011-0007/ 6.10 / U.Æ.

Efni: Jarðstrengur milli Lækjartúns og Hellu

Fyrirhuguð lagning Lækjartúnslínu 2 og Selfosslínu 2

Minjaverði Suðurlands barst umsagnarbeiðni frá Sigurði Sigurjónssyni rafmagnsverkfræðingi hjá Mannviti vegna lagningar rafstrengs (2x strengja á kafla) frá Lækjartúni í Ásahreppi austur að Hellu í Rangárþingi ytra.

Svæðið sem strengurinn mun liggja um hefur verið fornleifaskráð af Fornleifastofnun Íslands ses. sem hluti af heildarskráningu sveitarfélaga (*Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006 til 2008*. Ritstj. Sólveig G. Beck. I. bindi. Fornleifastofnun Íslands. FS417-06011. Reykjavík, 2009; *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra*. Áfangaskýrsla III, II. bindi. Ritstj. Kristborg Þórsdóttir. FS526-06193. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2014.).

Með beiðninni kom ítarlegt minnisblað um framkvæmdina auk þess sem minjavörður fékk sendan uppdrátt þar sem strengstæðið sést hnitsett á loftmynd og gat minjavörður því lagt fornleifaskráningarlagið ofan á þá mynd. Með því móti sjást þeir minjastaðir sem eru nálægt áætluðu strengstæði, frá vestri til austurs:

Svartletrað merkir minjar í grennd við strengsvæðið sem munu sleppa við rask vegna framkvæmda hafi menn varann á og upplýsi starfsmenn um minjar (passa að strákurinn á gröfunni sé ekki að skipta um skóflu, snúa o.s.frv. á minjastað).

Rauðletrað merkir minjar í stórhættu vegna nálægðar við áætlaðar framkvæmdir.

- RA-376:012 um 70 m austan við stæði. Beitarhús. Hnit: 421606 379754. Sleppur hæglega við rask sökum framkvæmda ef menn vita af staðnum.
- RA-371:014 um 70 m sunnan við stæði. Tjaldrimi, náttúrulegt tjaldstæði. Hnit: 422186 378184. Sleppur hæglega við rask sökum framkvæmda ef menn vita af staðnum.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

- RA-366:021, 28 m suðvestan við stæði. Borgarholt:beitarhús/fjárskýli. Hnit: 422849 377879. Sleppur hæglega við rask sökum framkvæmda ef menn vita af staðnum.
- RA-366:016H, 5 m norðaustan við strengstæði. Landamerkjagardur. Ekki hægt annað en að fara í gegnum hann. Liggur úr NNV að þjóðvegi en sveigir þar til SSV. Er nú þegar rofinn á stöku stað. Hnit: 424574 378086. Ekki gerð krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu Minjastofnunar en best væri að fara í gegn þar sem gardurinn er rofinn.
- RA-366:018, fast við þjóðveg: Þjóðsagnakennt dý – Peninga/Kistudý. Raskað af þjóðvegi. Hnit: 423614 376855. Ekki gerð krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu Minjastofnunar.
- RA-412:017, 15 m suðvestan við stæði. Mýrarvað, heimild. Ætti að sleppa við rask sökum framkvæmda viti menn af staðnum. Hnit: 428570 373823. Ekki gerð krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu Minjastofnunar.
- RA-413:009, 34 m norðan við stæði. Heimild um beitarhús. Engin ummerki sjáanleg því landi hefur verið raskað vegna seintitíma framkvæmda. Sleppur hæglega við rask sökum framkvæmda ef menn vita af staðnum. Hnit: 429074 373573.
- RA-413:025, 3 m suðvestan við stæði. Kuml, heiðin gröf, er talin hafa verið á Miðmundaholti en staðsetning liggur ekki ljós fyrir. Mikilvægt að fara varlega á þessum slóðum sem þó er erfitt þar eð minjastaðurinn er týndur. Líklegast er að kumlið hafi verið uppi á holtinu. Hnit: 429175 373485.

Minjavörður sér ekki ástæðu til að sérmerkja minjastaði á vettvangi vegna fyrirhugaðra framkvæmda í trausti þess að þeir sem vinna verkið verði upplýstir um minjastaðina sem eru í nálægð framkvæmdasvæðisins. Minjavörður mun senda Sigurði loftmynd þar sem strengstæðið og dreifing minja og númer kemur fram. Í minjalistanum hér að framan koma hnitin fram.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Uggi Ævarsson
Minjavörður

Afrit sent rafrænt vegna C-19: landsnet@landsnet.is; vigfus@utu.is; birgir@ry.is; skipulag@skipulag.is; sigsig@mannvit.is;

